

Fréttabréf Grunnskólans Hofsósi

17. mars 2016

Ágætu foreldrar/forráðamenn.

Í gær fór fram skólahreysti inni á Akureyri og kepptu þar fyrir hönd skólans Kristinn Knörr, Ester María, Ásgrímur Þór og Inga Sara og stóðu þau sig með stakri þryði. Í síðustu viku tóku 9. bekkingar þátt í stærðfræðikeppni á vegum FNV.

Starfið framundan:

Kökubasar

Föstudaginn 18. mars halda nemendur í 8.-10. bekk kökubasar í Kaupfélaginu kl. 14:00
Styrkið gott málefni og fáid ykkur gömsæta kökur/turtur í leiðinni.

Páskaball

Föstudaginn 18. mars er páskaball fyrir 7. - 10. bekk frá kl.20:00 - 22:00. DJ. Númi og Símon sjá um að halda öllum á gólfinu í geggjúðum dansi. Hvetjum við alla til að mæta, það kostar 300 kr. inn. Athugið að skólabílar ganga ekki.

Páskafrí

Páskafrí hefst að loknum hefðbundnum skóladegi, föstudaginn 18. mars. Fyrsti skóladagur eftir páska er miðvikudag 30. mars. Skóli hefst þá strax um morguninn á venjulegum tíma kl. 8:40. Félagsmiðstöð og tónlistarskóli byrja aftur eftir páskafrí þann sama dag.

Árshátíð nemenda.

Föstudaginn 1.apríl kl. 20:00 verður árshátíð nemenda á Hofsósi. Foreldrar nemenda í 8. – 10. bekk eru beðin um að koma með bakkelsi fyrir árshátíðina. Kaffiveitingar eru hluti af árshátíðinni og mikilvægt framlag foreldra til fjáröflunar fyrir 8. – 10. bekk fyrir skólaferð í vor. Eins biðjum við ykkur að hafa samband við Emmu ef einhver á þess kost að aðstoða í eldhúsi.

Árshátíðin hefst kl. 20:00 og hún samanstendur af skemmtidagskrá nemenda, kaffiveitingum að dagskrá lokinni og svo dansleik til kl. 00:30. Skólabílar aka heim eftir dansleik svo foreldrar geta farið fyrr heim með yngri börn ef þeir óska þess en það er þó auðvitað sjálfsagt að vera með allan tímann ef það hentar.

Við óskum ykkur öllum gleðilegra páska

Starfsfólk Grunnskólans austan Vatna, Hofsósi